



Akureyrarbær

Akureyri 26. nóvember 2020

Umsögn Akureyrarbæjar um framvarp til laga um Greiningar- og ráðgjafarstöð

Ánægjulegt er að sjá nýtt frumvarp um þessa mikilvægu stofnun sem er nauðsynleg ekki síst fyrir sveitarfélög er varðar uppbyggingu á þjónustu fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra. Stofnunin á að vera stuðningur í erfiðum úrlausnarefnum og að vera sá aðili sem kynnir nýjungar í rannsóknum er varðar íhlutun og þróun þjónustunnar.

Sú nýjung í frumvarpinu (4.grein) um að það eigi að samræma á landsvísu innihald frumgreiningar er metnaðarfullt verkefni sem verður áhugavert að fylgjast með. Þannig ættu allir að sitja við sama borðið. Einnig er ánægjulegt að sjá að stofnunin setji sér reglur um hvað langtímaeftirfylgd inniber því það er oft á tímum óljóst. Mjög jákvætt er fyrir tilvonandi Barna- og fjölskyldustofu að styrkja tengslin við Greiningarstöð þar sem þar liggur sérþekking sem Barnaverndarstofu hefur skort.

Helstu athugasemdir við frumvarpið snúa að því sem ekki er þar. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á aldri þeirra sem njóta þjónustu stofnunarinnar og því ekki verið að leysa vanda, sérstaklega ungs fólks sem þarf verulega sérhæfða þjónustu sem er miður.

Ekki er sett inn í lögin ákvæði um landshlutateymi sem myndi styrkja samband Greiningarstöðvar við landsbyggðina og styrkja þar faglegt starf.

Það er ljóst að verklag varðandi mat á umönnunarþyngd fatlaðra barna þarf að endurskoða.

Nota hefði átt tækifærið við endurskoðun þessara laga að Greiningarstöð hefði hlutverk í þeirri vinnu sem þarf að fara fram t.d. með því að tengja SIS mat við umönnunarmatið.

f.h. Akureyrarbæjar

Karólína Gunnarsdóttir

Sviðsstjóri búsetusviðs Akureyrarbæjar